

Ár 2012, þriðjudaginn 11. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna er sérstök ríkisstofnun og heyrir því undir kjararáð að ákveða laun forstöðumanns skrifstofunnar.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 30. maí 2012 frá forstöðumanni Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í bréfinu er óskað eftir endurskoðun launakjara forstöðumannsins og að þau verði færð til samræmis við laun forstöðumanns Verðlagsstofu skiptaverðs.

Með bréfum dagsettum 6. júní 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og sjárvarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstöðumannsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 15. júní 2012. Í bréfinu er ekki tekin efnisleg afstaða til erindis forstöðumannsins.

Í svari sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis dagsettu 25. júní 2012 segir að forstöðumaðurinn bendi réttilega á að ráðuneytið hafi á árinu 1999 óskað eftir og talið rétt að launakjör forstöðumanna Verðlagsstofu skiptaverðs og Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna væru sambærileg. Þannig hátti til að Fiskistofa hafi um nokkurt skeið borið ábyrgð á starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs og eigi viðmið við launakjör forstöðumanns Verðlagsstofu skiptaverðs því ekki við. Hins vegar sé það skoðun ráðuneytisins að forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna eigi að njóta sömu launakjara, og alls ekki lakari, en aðrir forstöðumenn ríkisstofnana með sambærilega ábyrgð, reynslu og vinnuálag. Þá kemur fram að ráðuneytið leggi áherslu á að gætt sé innbyrðis samræmis við ákvörðun á launakjörum forstöðumanna í stofnunum ríkisins.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 fékk forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Með bréfi forstöðumannsins dagsettu 10. ágúst 2012 ítrekar hann fyrri ósk um endurskoðun launakjara. Í bréfinu kemur fram að hann sé prókúruhafi fyrir á annað hundrað bankareikninga, bæði erlenda og innlenda og sé veltan á þeim yfir tíu milljarðar króna á ári.

III.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna er sérstök ríkisstofnun sem heyrir nú undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Hlutverk skrifstofunnar er að annast fjárvörslu og bókhald fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Þannig sér skrifstofan um greiðslu reikninga, útborganir styrkja, innheimtu sértekna, bókhald og gerð ársreikninga, launaafgreiðslur, tollskýrslugerð, gjaldeyrismál og fleira. Meðal þeirra sem skrifstofan þjónar eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Hafrannsóknarstofnunin, Rannsóknamiðstöð Íslands, Fiskeldishús Keldum, Tækniþróunarsjóður, Tækjasjóður, Verkefnasjóður sjávarútvegsins og AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun

forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstöðumanns Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, en kjaranefnd ákvað honum laun 12. ágúst 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Starfsemi Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna svipar á margan hátt til starfsemi Fjársýslu ríkisins. Skrifstofan er þó miklu smærri í sniðum og verkefni afmarkaðri og er höfð hliðsjón af því við ákvörðun launakjara.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2012 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 130, nú krónur 626.958. Að auki skal greiða honum 9 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú krónur 6.700.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson